
LISTIR



FINNA Birna Steinsson. Morgunblaðið/Ásdís


Þjóðlegar þúfur

FINNA Birna Steinsson myndlistarmaður sýnir þrjár „Tilraunir um þúfur" í Ásmundarsal. Þá valdi hún og setti upp sýningu á verkum Ásmundar Sveinssonar.

Finna vakti athygli fyrir þremur árum þegar hún gerði verkið „1000 veifur í Vatnsdalshólum". Þar gerði hún tilraun til að kasta tölu á hólana í Vatnsdal sem löngum hafa verið taldir óteljandi. Á sýningunni Skúlptúr/Skúlptúr/Skúlptúr á Kjarvalsstöðum árið 1994 gróðursetti hún þúfur á stéttinni fyrir framan listasafnið. Í Ásmundarsal eru þúfurnar komnar í hvítan gifsbúning sem rímar við sýningarsalinn sem er ljósleitur. Einnig er formið á þúfunum ákveðin tilvísun í kúpulinn á Ásmundarsal, að því er listakonan segir sjálf. Hin tvö verkin á sýningunni eru ljósmyndir, teknar í tengslum við sýninguna á Kjarvalsstöðum.

„Þetta er bæði heimildamynd af þúfnaverkinu og meira en það. Mér finnst ég vera að ganga aðeins lengra," sagði Finna Birna. „Ég hef hingað til verið að vinna að verkum utandyra og hef valið það til að brjóta upp hið hefðbundna form. Það er einhver innri löngun í mér að leita nýrra leiða í myndlist."

Finna sagði að Ásmundur Sveinsson hefði haft áhuga á að hanna og búa til þúfnasláttuvél. „Hann hefur greinilega verið þúfnavinur og þessi hugmynd hefur komið fyrir tíma þúfnabanans fræga sem notaður var til að slétta landið," sagði Finna sem einnig telst til þúfnavina, enda telur hún hana til eins af sérkennum landsins og kemur inn á það í sýningarskrá: „Margt bendir til að í náinni framtíð verði sérkenni landa og þjóða, einkum smáþjóða, útflött og afmáð í hringiðu viðskiptabandalaga og múgmiðlunar. Á slíkum óvissutímum er sjálfsagt að draga þúfuna fram í dagsljósið og minna á dulúð hennar, þjóðlegan kraft og einfaldleik: leyfa henni að rétta úr kútnum á ný."



VERK eftir Finnu.

En hvers vegna gifsþúfur? „Þetta eru eins konar portrett af þúfum og ekkert óeðlilegra en að gera portrett af mönnum til að gera þá ódauðlega. Þetta er unnið í mjög klassískum anda og þúfan er beygð undir lögmál hússins sem hún er sýnd í. Borgin kallar á vinnslu þúfunnar yfir í hart og gelt form og um leið nálgast ég Ásmund, og hans höggmyndir, í efnisnotkun."



TRÍÓ Björns Thoroddsen og Egill Ólafsson.

Tríó Björns og Egill

Á HÁSKÓLATÓNLEIKUM í Norræna húsinu í dag, miðvikudaginn 17. apríl, mun tríó þeirra Björns Thoroddsen og Egils Ólafssonar koma fram. Tónleikarnir eru um hálftími að lengd og hefjast kl. 12.30.

Handhöfum stúdentaskírteina er boðinn ókeypis aðgangur, en aðgangseyrir fyrir aðra er 300 kr.

Fiðlu- og píanóleikur

TÓNLEIKAR verða haldnir á vegum Tónlistarfélags Ísafjarðar og Norræna félagsins á Ísafirði í Frímúrarasalnum á Ísafirði í kvöld kl. 20.30. Verða þeir endurteknir í Þorlákskirkju, Þorlákshöfn, föstudaginn 19. apríl.

Flytjendur eru Tapani Yrjöla fiðluleikari frá Finnlandi og Guðríður St. Sigurðardóttir píanóleikari. Á efnisskránni verða Vorsónata Beethovens, sónata nr. 3 eftir Grieg, sónatína eftir Sibelius og sónata eftir Jón Nordal.

Tapani Yrjöla er mjög virkur í tónlistarlífi Finna. Hann heldur árlega um 50-70 tónleika í heimalandi sínu og í Bandaríkjunum. Hann lauk doktorsgráðu í fiðluleik frá háskólanum í Michigan og auk tónleikahalds er hann deildarstjóri strengjadeildar tónlistarskólans í Joensu, en Joensu er vinabær Ísafjarðar í Finnlandi.

Guðríður hefur haldið fjölda tónleika, bæði hér heima og erlendis, ýmist sem einleikari eða með öðru tónlistarfólki. Hún er með meistaragráðu í píanóleik frá háskólanum í Michigan. Auk tónleikahalds stundar hún píanókennslu, meðal annars í Tónlistarskólanum í Reykjavík. Þetta er í fyrsta skipti sem Guðríður heldur tónleika á Ísafirði.

DANMÖRK
Verð frá kr. hvora leið með flugvallarskatti 9.900
Sala: Wihlborg Rejser, Danmörku,
Sími: 0045 3888 4214
Fax: 0045 3888 4215

Sænskir símadagar í Kringlunni
17. til 20. apríl
NONNI OG MANNI
Í tilefni af sænskum dögum í Kringlunni býður Póstur og sími 15% afslátt af eftirtöldum símabúnaði á meðan birgðir endast



Distans
Verð kr. 2.980,-
Með 15% afsl. kr. 2.533,-
Ódýr og traustur borðsími
• Endurval - styrkstillir fyrir hlust
• Stillanleg hringing - 5 númera hraðval
• Íslenskar leiðbeiningar
• Litir: gulur, hvítur og svartur



Tele-pocket 200
Verð kr. 31.500,-
Með 15% afsl. kr. 26.775,-
Lítill og léttur þráðlaus sími með skjá
• Handtæki 210 g með rafhlöðu - aukarafhlaða
• 20 númera skammval með nöfnum
• Endurval - stillanleg hringing
• Íslenskar leiðbeiningar



Telia Fax 10
Verð kr. 31.557,-
Með 15% afsl. kr. 26.823,-
• Fyrirferðarlítið og hentugt faxtæki með síma
• 6 númera hraðvalsminni
• 40 númera skammvalsminni
• Skjár
• Endurval
• Íslenskar leiðbeiningar

Telia Magni sími með stórum tökkum, hentar sjónskertum og hreyfihömluðum
Bizz 66 handfrjáls borðsími
Referens borðsími með skjá
Telia KombiFazil sími og símsvari
Telia Casall þriggja númera hraðvalsminni
Respons borðsími
Respons veggsími
Ouno ódýr og einfaldur sími
Replik borð- eða veggsími
Allgon loftnet fyrir GSM og NMT farsíma

PÓSTUR OG SÍMI

Söludeild Kringlunni, sími 550 6690 • Söludeild Ármúla 27, sími 550 7800
Þjónustumiðstöð í Kirkjustræti, sími 550 6670 • Póst- og símstöðvar um land allt